

Greinagerð

Nú eru liðin 100 ár frá því að íslenskar konur fengu kosningarrétt. Margt hefur áunnist á þessum 100 árum og í dag kalla nútímasamfélag á góða stjórnsýsluhætti sem byggjast á jafnrétti, sanngirni og skilvirkni. Góð stjórnsýsla er ekki bara gagnsæi í fjárlagagerð og hagsýni í nýtingu fjármuna sveitarfélaga heldur að ákvarðanir séu teknar á jafnréttisgrundvelli. Kynjuð hagstjórn er mikilvægt og sanngjarnt árangursstjórnunar tæki sem bæði ráðuneyti og sveitarfélög á Íslandi hafa notast við í endurskipulagningu fjárlagagerðar á grundvelli jafnréttissjónarmiða. Sem dæmi um mikilvægi kynjaðra hagstjórnar, þann 19. júní samþykkti ríkisstjórnin á fundi 5 ára innleiðingaráætlun um kynjaða hagstjórn og fjárlagagerð og tekur innleiðingaráætlunin mið af frumvarpi til laga um opinber fjármál, sem nú er til umfjöllunar hjá Alþingi.

<http://www.fjarmalaraduneyti.is/frettir/nr/19653>

Ávinningurinn af kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð er margþætt: greinir kynjaáhrif, tekur tillit til þarfa íbúa, stuðlar að frekara jafnrétti, betri nýtingu fjármuna og réttlátari ákvörðunartöku. En til að ná settum markmiðum kynjaðra hagstjórnar þurfa aðilar að tileinka sér nýja hugsun og breytt verklag.

Tillaga

Björt framtíð leggur til að Garðabær tileinki sér breytt verklag og nýja hugsun í gerð fjárhagsáætlana og taki upp kynjaða hagstjórn í fjárlagagerð líkt og ríkistjórn, ráðuneyti og önnur sveitarfélög hafa gert. Kynjuð hagstjórn felst í því að leggja mat út frá sjónarmiðum beggja kynja á fjárhagsáætlanir með samþættingu tveggja veigamikilla stefna, mannréttindastefnu og fjárlagastefnu sveitafélagsins að leiðarljósi. Með því að horfa út frá mismunandi kynjasjónarmiðum við gerð áætlana er hægt að bæta ákvörðunartöku, stuðla að jafnrétti og gæta þess að misrétti verði ekki beitt gagnvart íbúum.

Tillaga

Björt framtíð leggur til að Garðabær setji saman stýrihóp til að vinna að innleiðingarferli um kynjaða hagstjórn og bjóði upp á fræðslu og kynningu á hlutverk og markmið kynjaðrar hagstjórnar fyrir starfsmenn og íbúa.